

1864.

20. júlí.

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning þingstaðar frá Skálanesi að Neðra-Gufudal.

Í bænarskrá, er þér, herra amtmaður, senduð stjórnarráðinu með bréfi yðar 2. d. janúarm. þ. á., og sem hlutaðeigandi sýslumaður hafði mælt fram með, hefir Jakob prestur Bjarnarson og 16 aðrir búandi menn í Gufudals hrepp í Barðastrandar sýslu farið þess á leit, at flytja megi þinghús þeirra frá Skálanesi að Neðra-Gufudal, sem menn álíta að liggi betur við fyrir þingstað.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að gjörð verði hin eptiræskta breyting á þingstaðnum, svo framarlega sem ekki koma fram nein mótmæli á rökum byggð móti því af hálfu annara, er hlut eiga að máli.

21. júlí.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundargjald af „Thomsens túni“ við Reykjavík.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 2. marzm. þ. á. sent dómsmálastjórninni til úrskurðar skjal nokkurt frá H. Th. A. Thomsen kaupmanni í Reykjavík, ásamt með álitu Árna Thorsteinsons bæjarfógeta um það, en í skjali þessu beiðist Thomsen úrskurðar stiptamtsins um, hvort hann eptir kröfu bæjarstjórnarinnar í kaupstað þessum sé skyldur til að greiða fátækraftíund af túnbletti nokkrum, sem er á lóð bæjarins og kallaður „Thomsens tún“, og í hinni nýju jarðabók er metinn 10,39 hundr. að dýrleika; hefir hann nú túnblett þenna til umráða, en árið 1847 hafði bletturinn verið fenginn Augúst Thomsen veitingamanni til ræktunar og leigulausra afnota í 25 ár, en að þeim tíma liðnum skyldi bærinn fá túnið án nokkurs endurgjalds fyrir ræktunina.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtð það Thomsen kaupmanni, að dómsmálastjórninni ekki þykir ástæða til að skýra á nokkurn hátt frá álitinu sínu um málefni þetta, með því það, ef til þess kemur, heyrir undir úrlausn dómstólanna.

1864.
21. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun til meðdómsmanna.

21. júlí.

Eptir að þér, herra amtmáður, höfðuð beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til að láta borga úr hlutaðeiganda umboðssjóði til meðdómsmannanna í málinu um hið svo kallaða Víðisdalsfjall upphæð nokkurra reikninga frá þeim, 95 rd., fyrir ferðir þeirra og ómak þegar málið var dæmt í héraði, skýrði stjórnarráðið yður frá í bréfi 5. dag júlím. 1861, að þareð meðdómsmenn ekki eigi heimting á neinni borgun fyrir ómak sitt í opinberum málum, og þeim eptir kansellíbréfi 9. d. júním. 1838, smbr. aukatekjureglugjörð 10. d. septemberm. 1830 63. og 75. gr., aðeins verði veitt endurgjald fyrir ferðakostnað þegar þeir hafa orðið að fara nokkuð langan veg, yrði að útvega skýrslu um, hversu langan veg hlutaðeigendur hafi þurft að fara vegna dómsins í máli þessu, og svo yrði einnig að senda hingað greinilega reikninga yfir ferðakostnað þeirra.

Síðan hafið þér, herra amtmáður, 8. d. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu bréf frá meðdómsmönnum, ásamt með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns; skýra þeir þar frá, að í máli þessu hafi verið nauðsyn á að taka meðdómsmenn úr ýmsum fjarlægum hreppum, og sé fyrir þá sök ferðakostnaður þeirra hærri en vandi sé til; en um vegalengdina skýrskota þeir til athugasemda þeirra, er sýslumaðurinn hafði ritað á reikningana, og lýsa því yfir, að þeir hafi ekki tilfært í reikningum sínum önnur gjöld en þau, er þeir í raun og veru hafi orðið að greiða, og treysti þeir sér því ekki til að semja aðra reikninga en hina fyrri, og senda þá því aptur. Þér hafið,